

Kaffisöluhúsið í Surat.

eftir

Leo Tolstoy.

Í smábænum Surat á Indlandi er kaffisöluhús eitt, þar sem fólk af öllum þjóðflokkum kemur saman og ræðir um daginn og veginn.

Einusinni kom þingað persneskur guðfræðingur nokkur. Hann var maður sem varið hafði öllu sínu lífi í að stunda guðfræði og guðfræðislegar rannsóknir og hafði samið urmúl af bókum um það efni. Hann hafði í sannleika lesið, hugsað og skrifað svo mikið um guð, að hann var truflaður orðinn og jafnframt hættur að trúa því að nokkur guð væri til. Shainn í Persíu hafði frétt um þetta og gert hann því útlaga.

Eftir að hafa sökkt allri sinni æskutilveru niður í, að hugsa um upphaf tilverunnar, hafði vesalings guðfræðingurinn að lokum gerst truflaður og, án þess að skilja það að hann væri sjálfur ekki með öllum mjalla, áleit hann að umheimurinn hefði nú gerst geggjaður.

Guðfræðingur þessi hafði einn svartan þjón, sem fylgdi honum hvert sem hann fór. Þegar hann gekk inn í kaffihúsið varð þjónninn eftir fyrir utan dyrnar og settist þar á stein í sól-arhitanum, og keptist við að reka af sér flugurnar, sem settust á hann. Guðfræðingurinn þar á móti valdi sér sæti í bezta hægingdastólnum og bað um bolla af ópsum.

Þegar drykkurinn var farinn að verka á heila hans, hrópaði hann á þjóninn gegnum dyrnar og sagði:

„Segðu mér, þú auðvirðilegi þræll. Álitur þú að nokkur guð sé til?“

„Vissulega er hann til“, svaraði þjónninn um leið og hann dró undan belti sínu viðarlíkneski eitt. „Þetta“ sagði hann, „er sá guð, sem verndað hefir mig frá minni fæðing. Í mínu landi tilbiðja allir tréð, er þessi guð er gerður af“.

Á samtali þetta milli þessara tveggja mjög svo ólíku manna hlustuðu allir, sem viðstaddir voru, mjög undrandi.